

Febrúar 2025



Hvatarblaðið

Fundargerðir

Sveitarstjórn
583. fundur

Sveitarstjórn
584. fundur



Fjóla Steidóra Kristinsdóttir ráðin nýr sveitastjóri Grímsness- og Grafningshrepps



Á fundi sveitastjórnar í Grímsnes- og Grafningshreppi þann 21. janúar 2025 var ráðning Fjólú St. Kristinsdóttur í starf sveitarstjóra samþykkt samhljóða og mun ráðningin standa út kjörtímabilið til ársins 2026.

Fjóla er fædd á Selfossi 1972 og býr þar ásamt fjölskyldu, gift Snorra Sigurðarsyni fasteignasala og saman eiga þau þrjú börn, tengdadóttur og eitt barnabarn.

Fjóla er með MBA gráðu frá Háskóla Íslands, Bsc í viðskiptafræði og vottaður fjármálaráðgjafi ásamt því að hafa lokið kennsluréttindum á meistarastigi.

Starfsferill Fjólú er fjölbreyttur og býr hún yfir reynslu á sviði sveitarstjórnarmála en síðastliðin tvö ár gegndi Fjóla stöðu bæjarstjóra í Sveitarfélaginu Árborg 2022-2024.

Þar áður starfaði hún í tæp 7 ár hjá Landsbankanum á Selfossi, síðast sem viðskiptastjóri á fyrirtækjasviði. Þá hefur hún unnið á velferðarsviði Árborgar og bar ábyrgð á fjárhagsaðstoð sveitarfélagsins. Síðustu ár hefur Fjóla kennt námskeiðið Velferð í fjármálum við Fræðslunet Suðurlands auk þess að kenna fjármálalæsi í grunn- og framhaldsskólum fyrir Samtök fyrirtækja í fjármálaþjónustu. Fjóla hefur gegnt fjölmörgum trúnaðarstörfum í gegnum tíðina og tekið virkan þátt í margvíslegri sjálfböðavinnu.

Sveitarstjórn Grímsness- og Grafningshrepps fagnar ráðningu Fjólú og hlakkar til að takast á við þau fjölbreyttu verkefni sem framundan eru. Fjóla mun hefja störf þann 1. febrúar næstkomandi.

Kæru íbúar Grímsnes- og Grafningshrepps gleðilegt ár!



Ég vil byrja á að þakka sveitastjórn fyrir það traust sem mér hefur verið sýnt en það er mér mikill heiður að taka við starfi sveitarstjóra.

Grímsnes- og Grafningshreppur er einstakur staður með ríka sögu, fallega náttúru og kraftmikið samfélag. Það er ánægjulegt að sjá þá miklu uppbyggingu sem hefur verið víðs vegar í sveitarfélaginu sl. ár og þær stórhuga áætlanir sem unnið er að til framtíðar. Það ber vitni um bjartsýni sveitarstjórnar, íbúa og fasteignaeigenda og auðvitað hversu gott það er að dvelja og búa í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Ég er spennt fyrir því að vinna að áframhaldandi uppbyggingu og styrkja innviði sveitarfélagsins, efla þjónustu við íbúa og stuðla að sjálfbærri þróun á öllum sviðum. Í störfum mínum legg ég ávallt áherslu á samvinnu og samtal en ég tel mikilvægt að vinna með ykkur að lausnum sem gagnast öllum. Við stöndum frammi fyrir ýmsum áskorunum, en með sameiginlegu átaki og skýrum markmiðum getum við náð frábærum árangri.

Ég hlakka til að kynnst ykkur betur á næstu mánuðum og vinna með ykkur að áframhaldandi uppbyggingu og verkefnum til að gera Grímsnes- og Grafningshrepp að enn betri stað til að dvelja og búa á. Dyrnar mínar standa ykkur alltaf opnar og ég hvet ykkur til að hafa samband ef þið hafið spurningar, áhyggjur eða hugmyndir.

Grímsnes- og Grafningshreppur er ríkur af auðlindum og því fylgja fjölmörg tækifæri svo óhætt er að segja að framtíðin sé björt.

Ég hlakka til að takast á við þau verkefni sem fylgja nýju ári í samstarfi við sveitarstjórn, öflugan starfsmannahóp, íbúa og fasteignaeigendur.

Með bestu kveðju,

Fjóla St. Kristinsdóttir

Sveitarstjóri Grímsnes- og Grafningshrepps

Skólaping



Skólaping verður haldið í Félagsheimilinu Borg
fimmtudaginn 27. febrúar kl. 18:00
Við byrjum á opnum skólaráðsfundi og súpu.

Kl. 18:30 hefst þingið á erindi Hrafnhildar Sigurðardóttur um útinám en hún fékk íslensku menntaverðlaunin árið 2024 fyrir störf sín sem útinámskennari í Sjálandsskóla.

Í framhaldinu verður rætt um framtíð skólastarfs í sveitarfélaginu frá ýmsum hliðum s.s. áherslur til framtíðar, húsnæðismál, útinám og tæknimál. Við vonum að sem flestir sjái sér fært að mæta.

Öll velkomin.



KERHÓLSSKÓLI

gleði - jákvæðni - virðing

Gönguskíðabrautir



Hjálparsveitin Tintron og sveitarfélagið leggja sitt af mörkum til að efla útivist og hreyfingu, settar hafa verið upp þrjár nýjar gönguskíðabrautir á Borg

Með tilkomu nýja gönguskíðasporans sem sveitarfélagið festi nýlega kaup á eru nú glæsilegar aðstæður fyrir íbúa og gesti að njóta útivistar í vetrarparadísinni okkar.

Gönguskíðaspor hefur verið lagt á tjaldsvæðinu, sem tengist einnig við spor í Yndisskógi. Fyrir börn og byrjendur hefur verið sett upp lítil og skemmtileg braut á skólalóðinni við Kerhólsskóla.

Gott er að leggja við Grenndarstöðina á Borg eða bílaplan við félagsheimili.

Við hvetjum alla, jafnt byrjendur sem lengra komna, til að draga fram skíðin og nýta sér þessar frábæru gönguskíðabrautir.

Njótið útivistarinnar!

Hér má sjá kort af brautunum



GRÆNA KANNAN - KAFFIHÚS VERSLUNIN VALA

KAFFIHÚSIÐ GRÆNA KANNAN OG VERSLUNIN VALA
ERU OPIN VIRKA DAGA FRÁ KLUKKAN 11:00 TIL 16:00
LAUGARDAGA FRÁ KLUKKAN 11:00 TIL 16:00
SUNNUDAGA LOKAÐ

MÖTUNEYTI OPIÐ ALLA VIRKA
DAGA FRÁ 11:30 TIL 13:00



Bókasafn / Library

Grímsnes- og Grafningshrepps



Opnunartímar í febrúar/ Opening hours in february:

Mánudaga / Mondays Kl. 15:00 - 16:30

Miðvikudaga / Wednesdays Kl. 15:30 - 16:30

Kvöldopnun / Evening hours:

Fimmtud. / Thursday	6.febr.	kl. 19:30 - 21:30	Kvöldopnun
Þriðjud. / Tuesday	11.febr.	kl. 19:30 - 21:30	Handverkskvöld
Þriðjud. / Tuesday	25.febr.	kl. 19:30 - 21:30	Opið hús 60+

Vegna framkvæmda þarf að ganga undir tengibrú á milli stjórnsluhúss og skólabyggingar og beygja til hægri til þess að komast á bókasafnið.

Öll velkomin :)



LÍFSHLAUPIÐ HEFST 5. FEBRÚAR 2025!

Skráning hefst 15. janúar.

Þú getur tekið þátt í:

- Vinnustaðakeppni frá 5. - 25. febrúar, fyrir 16 ára og eldri (þrjár vikur)
- Framhaldsskólakeppni frá 5. - 18 febrúar, fyrir 16 ára og eldri (tvær vikur)
- Grunnskólakeppni frá 5. - 18. febrúar, fyrir 15 ára og yngri (tvær vikur)
- Hreystihópar 67+ frá 5. - 25. febrúar, (þrjár vikur)

Lífshlaupsvefinn má nota til að halda utan um alla hreyfingu, notanda að kostnaðarlausu



JÞ Verk Jarðvinnuverktaki

JTVERKEHF@GMAIL.COM

Jóhannes 848-1123 & Guðmundur 868-4115

Tökum að okkur STÓR og smá verk:

- jarðvinnu -
- tætingu -
- snjómokstur -
- bílaflutninga,
- jarðheflun
- fólksflutninga.

JÞ Verk



Dagatal Kvenfélags Grímsneshrepps 2025

22. febrúar	Aðalfundur kl. 11, Félagshelminu Borg
20. mars	Samverustund í Hespuhúsinu
26. apríl	Ársfundur SSK
30. apríl	Vorfundur á Fröken Selfoss
16. - 21. maí	Kvenfélagskonur til Cornwall
júní	Vorgleði í Mörkinni
17. júní	Fjallkonan
júní	Undirbúningur fyrir Grímsævintýri
júní/júlí	Samverustund í Afviðru
ágúst	Vinnudagar fyrir Grímsævintýri
23. ágúst	Grímsævintýri
11. sept.	Haustfundur
4. okt.	Skíptímarkaður
30. okt.	Grímuball
23. nóv.	Jólabingó
27. nóv.	Jólafundur



Kæru félagskonur, endilega takið dagana frá og merkið í dagatalið.

Tvö skólastig



undir einu þaki



Grímsnes- og Grafningshreppur

Sumaropnun

Sumaropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. maí til 31. ágúst

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-16	Lokað	13-16	13-16	10-16	Lokað

Vetraropnun

Vetraropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. september til 30. apríl

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-15	Lokað	13-15	Lokað	13-16	Lokað

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.

Lokað er á gámastöðinni eftirtalda daga: Nýársdag – Föstudaginn langa – Páskadag – Frídag verkamanna 1. maí – Hvítasunnudag – 17. Júní – Þorláksmessu – Aðfangadag jóla – Jóladað – Annan í jólum og Gamlársdag.

**OPIÐ ER FYRIR LOSUN HEIMLISSORPS
ALLAN SÓLARHRINGINN**

ÍPRÓTTAMIÐSTÖÐIN



Borg

vetraropnun



Frá 18. ágúst 2024

Mánudaga - fimmtudaga kl. 14:00 - 21:30

Föstudaga Lokað

Laugardaga og sunnudaga 10:00 - 18:00

Hætt er að hleypa ofan í laugina
20 mínútum fyrir lokun

Heimasíða: www.gogg.is
Netfang: sundlaug@gogg.is
Sími 480 - 5530

RITSTJÓRI HVATARBLAÐSINS
LINDA SVERRISDÓTTIR

ÁBYRGÐARMAÐUR
ÞORLEIF HOFFMANN
GUNNARSDÓTTIR

Efni í blaðið þarf að berast fyrir
28. hvers mánaðar á netföngin:
linda@gogg.is eða gogg@gogg.is

<https://www.gogg.is/>